

með hrygðarsvip. "Hver veit, hvort annar hvor okkar lifir þá stund, hver veit hvort sú stund rennur nokkru sinni upp. En hvort sem verður, þá er að taka því, ef að Pólland vinnur aftur frelsi sitt og forna frægð, og þér náðið aftur frelsi yðar og ógleymanlegri fremd í föðurlandi yðar, þá er það frjálst fyrir son yðar að sameina nöfn okkar beggja á frægum ríkisgreifa skildi sínum, en þangað til er hann mín eiginleg og æfinleg eign."

"Verði það svo! — geti eg farið með son minn til míns frjálsa föðurlands, þá hefi eg rétt til þess," sagði hann og leiftur brann úr augunum.

"Og þér lofið mér við göfugleik aðals yðar, að gera engar kröfur til Janeks, meðan svo búið stendur?" sagði Dynar greifi.

"Guð launi yður Þúsundfalt alt það, sem þér gerið fyrir barn mitt!"

"Á að segja Janek frá hinu sanna nafni hans?" spurði Dynar greifi.

Flóttamaðurinn hristi höfuðið með hrygðarsvip og mælti:

"Svo lengi sem Pólland er í ánað, verður eigi nafn þetta til annars en bölvunar, eða ætti eg að láta hinn saklausa líða fyrir það, er eg sem uppreisnarmaður hefi brotið? Það sem eg þegar hefi gert, hefir svift mig ríkisgreifa skildi þeim, er sonur minn átti að erfa, og geti eg eigi eftirlátið hann óflekkaðan og í fornri dýrð, er betra að hann sé án hans. En ef þér takið Janek að brjósti yðar og í sonar stað, verðið þið og að sameina nöfn ykkar; svo að þér eigi ætlið, að yður sé þar neinn ósómi sýndur, vil eg nú segja yður nafn þess, er nú stendur frammi fyrir yður."

Flóttamaðurinn laut niður að höfði greifans og hvíslaði nokkrum orðum að honum.